

Breyting á aðalskipulagi Kópavogs Skipulagslýsing, dags 15.09.2022



Fylgiskjal 10

Aðalskipulag Kópavogs 2019 - 2040

Breyting á aðalskipulagi

Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð

Lýsing á skipulagsverkefni

Lögð fram sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Breyting nr. 2

*Umhverfissvið
Skipulagsdeild
málsnr. 2208338
15. september 2022*

Tillaga að deiliskipulagi er unnin samhliða aðalskipulagsbreytingu og er stefnt að því að auglýsa deiliskipulagstillögu og tillögu að breytingu á aðalskipulagi saman - eftir forkynningu á tillögu að aðalskipulagsbreytingu - með vísan til 2. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123 /2010.

Efnisyfirlit

1.	Inngangur.....	2
2.	Forsendur.....	2
2.1	Skipulagssvæðið, staðhættir.....	2
2.2	Aðdragandi breytingar	3
3.	Gildandi skipulag og tengsl við aðrar áætlanir.....	3
a.	Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040	3
b.	Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins – Höfuðborgarsvæðið 2040.....	4
4.	Breytingar – viðfangsefni, markmið.....	4
4.1	Breyting á aðalskipulagi - Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð	4
4.2	Tillaga að deiliskipulagi í vinnslu í Vatnsendahvarfi-Vatnsendahæð.....	5
5.	Umhverfisáhrif áætlunar.....	7
6.	Kynning og samráð.....	7
6.1	Kynning lýsingar - forkynning tillögu að breytingu á aðalskipulagi	7
6.2	Tillögur auglýstar samtímis	8
7.	Málsmeðferð, áfangar og tímaáætlun	8
8.	Heimildir	9

1. Inngangur

Hér er lögð fram lýsing/skipulagslýsing að tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð, samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Um er að ræða 2. breytingu á aðalskipulaginu frá staðfestingu þess 28. desember 2021. Tilgangur breytingarinnar er að samræma stefnu í aðalskipulagi við þá útfærslu byggðar sem unnið er að í deiliskipulagi og uppfæra aðalskipulagið m.a. með tilliti til ábendinga, niðurstöðu samráðs, rýni og nýrra upplýsinga gróðurfar.

Lýsing/skipulagslýsing er verkefnislýsing, hún er lögð fram til kynningar og auglýst. Óskað er eftir ábendingum við lýsinguna sem geta nýst við að fullvinna tillögu að breytingu á aðalskipulagi svæðisins.

Á meðan lýsingin er í kynningu verður haldið áfram að móta deiliskipulagstillöguna sjá einnig kafla 2.2 og 4 í lýsingu þessari. Í framhaldi verður tillaga að breytingu á aðalskipulagi lögð fram til forkynningar og kallað eftir ábendingum við hana. Í kjölfarið er stefnt að því að auglýsta tillögurnar tvær samtímis þ.e. breytingu á aðalskipulagi og tillögu að deiliskipulagi sama svæðis. Sjá nánar kafla 6 Kynning og samráð og kafla 7 Málsmeðferð, áfangar og tímaáætlun.

2. Forsendur

Í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 var sett stefna um uppbyggingu nýs íbúðarsvæðis í Vatnsendahvarfi /Vatnsendahæð. Í samræmi við þá stefnu hefur verið unnið að deiliskipulagi fyrir svæðið og er búið að forkynna deiliskipulagstillögu. Sjá kafla 2.2 Aðdragandi breytingar og 4.2 um tillögu að deiliskipulagi í vinnslu hér á eftir.

2.1 Skipulagssvæðið, staðhættir

Svæðið sem breytingin nær til er í Vatnsendahvarfi /Vatnsendahæð. Væntanlegt íbúðarhverfi er áætlað að fyrirhuguðum Arnarnesvegi til norðvesturs (á mörkum Kópavogs og Reykjavíkur), að íbúðarbyggð í Kórum til suðvesturs, fyrirhuguðu samfélagsþjónustusvæði (S-67) til suðurs, íbúðarbyggð í Hvörfum til austurs og athafnasvæði í Hvörfum til norðurs. Einnig verða aðkomuleiðir/tengibrautir frá Vatnsendavegi að/frá svæðinu (Kambavegur) skoðaðar. Sjá nánar kafla 4.1 um breytingu á aðalskipulagi.



Mynd 1. Skýringarmynd. Fyrirhugað íbúðarhverfi í Vatnsendahvarfi /Vatnsendahæð. Loftmyndir ehf, loftmynd úr landupplýsingakerfi Kópavogs, LUKK. Myndin er ekki í mælikvarða.

Vatnsendahvarf liggur hæst í um 148 m h.y.s. og liggur hærra í landinu en aðliggjandi svæði. Á hæðinni hefur verið útvarpssendistöð umkringd fjarskiptamöstrum en svæðið er að öðru leyti óbyggt en aðliggjandi byggð hefur byggst upp á síðastliðnum tveimur áratugum. Á stórum hluta svæðisins eru ríkjandi landgerðir alaskalúpína, skógarkerfill, tún og/eða annað manngert land. Alaskalúpína er ríkjandi á svæðinu en inn á milli eru misstórir mólendisblettir. Í úttekt Náttúrufræðistofnunar sem unnin var í

tengslum við vinnslu deiliskipulags á svæðinu kom í ljós að fjöldi æðplantna er á svæðinu og þar af ein grastegund, blátoppa, sem er á valista Náttúrufræðistofnunar sem tegund í nokkurri hættu og nú friðuð.

2.2 Aðdragandi breytingar

Unnið hefur verið að deiliskipulagi fyrir svæðið og forkynningu deiliskipulagstillögu á vinnslustigi er lokið. Á kynningartíma komu fram ábendingar og umsagnir sem hafa haft áhrif á útfærslu deiliskipulagstillögunnar sem kalla m.a. á tilfærslu á landnotkunarreitum í aðalskipulagi. Umræddar breytingar eru taldar til bóta og lagt et til að gildandi aðalskipulagi verði breytt. Breyting á aðalskipulagi yrði í samræmi við breyttar forsendur úr deiliskipulagsferlinu og nýjar upplýsingar sem hafa komið fram í því ferli.

Gera þarf m.a. breytingar á afmörkun íbúðarsvæða og opinna svæða á þéttbýlisupprætti og breyta töflum í greinargerð aðalskipulagsins. Sjá kafla 4.1 Um breytingu á aðalskipulagi aftar í lýsingu þessari.

3. Gildandi skipulag og tengsl við aðrar áætlanir

a. Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040

Samkvæmt **meginmarkmiðum aðalskipulagsins** skal stuðla að góðri nýtingu lands og landsgæða með umhverfis- og verndarsjónarmið að leiðarljósi. Breyting á landnotkunarreitum í aðalskipulagi styður við markmið aðalskipulagsins (kafla 2.1.1.1) um þéttingu byggðar með fjölbreyttu framboði af húsnæði, aðgengi að útivistarsvæðum og möguleika á þjónustu innan hverfis, sem og greiðum og öruggum samgöngukerfum.

Stefna Kópavogsbæjar og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni eru samofin stefnu aðalskipulagsins í öllum köflum greinargerðar aðalskipulagsins. Unnin var mikilvægisgreining út frá áherslum aðalskipulagsins, þ.e. hvernig aðalskipulagið styður við sjálfbærni og stuðlar að markmiðum Heimsmarkmiðanna. Sjá nánar í umhverfisskýrslu aðalskipulagsins kafla 9 (í viðauka 1) og kafla 10 (í viðauka 2) í greinargerð aðalskipulagsins.

Niðurstöður mikilvægisgreiningarinnar voru unnar eftir meginköflum aðalskipulagsins sem sjá má á mynd 1. Þau Heimsmarkmið sem aðalskipulagið er talið hafa mest áhrif á eru:

Heimsmarkmið nr 11; Sjálfbærar borgir og samfélög.

Heimsmarkmið nr 13; Aðgerðir í loftslagsmálum.

Hvernig heimsmarkmiðin skiptust niður á kafla aðalskipulagsins má sjá á meðfylgjandi mynd 1.



Mynd 10-1. Niðurstöður mikilvægisgreiningar eftir köflum aðalskipulags Kópavogs.

Mynd 2. Úr greinargerð aðalskipulags Kópavogs, 10. kafla, Viðauka 2 - um niðurstöður mikilvægisgreiningar.

Umhverfisskýrsla í greinargerð Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040. Í umhverfisskýrslu er m.a. umfjöllun um valkosti varðandi stefnumörkun um íbúðarbyggð samanber kafla 9.5.2 *Valkostir fyrir íbúðarbyggð*, kafla 9.5.3 *Niðurstaða samanburðar* og 9.5.4 *Heildarniðurstaða stefnu varðandi byggð*.

Í umhverfisskýrslunni var bent á að uppbygging í útjaðri byggðar gæti haft neikvæð áhrif þar sem aðgengi að almenningssamgöngum og fjarlægð í atvinnusvæði gætu valdið meiri notum á einkabílum – en það vinnur á móti markmiðum svæðisskipulagsins um að meginþunga vaxtar sé beint á miðkjarna og önnur þróunarsvæði. Í sama kafla aðalskipulags (9.5.2 *Valkostir fyrir íbúðarbyggð*) er einnig bent á að uppbygging almenningssamgöngukerfisins og stígakerfis og efling atvinnusvæða í Hvörfum gætu dregið úr þessum áhrifum.

Þrátt fyrir að Vatnsendahvarf sé utan þessara vaxtarsvæða (þróunarsvæða og miðkjarna) þá er uppbyggingarsvæðið engu að síður mikilvægt þéttingarsvæði innan núverandi byggðar sem nýtir vel núverandi innviði, er staðsett nálægt atvinnukjarna sem byggst hefur upp í Hvörfum, auk þess sem stutt er í tengingu inn á stofnvegakerfi höfuðborgarsvæðisins. Þá er svæðið (uppbyggingin) innan vaxtarmarka höfuðborgarsvæðisins og styður við markmið um fjölbreytt framboð húsagerða og búsetukosta.

b. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins – Höfuðborgarsvæðið 2040

Áætlaðar breytingar á afmörkun landnotkunarreita í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 í Vatnsendahvarfi /Vatnsendahæð eru í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins með því að m.a. styðja við:

- Aðgengi að fjölbreyttum útivistarsvæðum, bæði innan hverfis og með góðum stígatengingum.
- Markmið um nærþjónustu í göngufæri með möguleika á verslun og þjónustu í miðju íbúðarhverfisins.
- Markmið um fjölbreytt framboð húsagerða og búsetukosta.

Sjá einnig hér að framan (lið a) um gildandi aðalskipulag, stefnu og umhverfisskýrslu aðalskipulagsins.

4. Breytingar – viðfangsefni, markmið

4.1 Breyting á aðalskipulagi - Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð

Eins og fram hefur komið er hér lagt til að breyta aðalskipulagi á grundvelli athugasemda, samráðs og rýni - í kjölfar forkynningar deiliskipulags í vinnslu á vormánuðum 2022. Breytingin felst m.a. í að færa og stækka opið svæði í gegnum byggðina til að gefa tækifæri á fjölbreyttari útivistarmöguleikum. Þá er æskilegt að færa opna svæðið norðar þar sem það mætir Arnarnesvegi í samræmi við áætlaða legu stíga á brú/vistloki yfir veginn til að skapa betri göngu- og hjólatengingar.

Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir svæði fyrir verslun og þjónustu til norðurs við Arnarnesveg í útjaðri íbúðarsvæðisins. Í kynningarferli deiliskipulagsins komu fram ábendingar um að betra aðgengi væri fyrir íbúa í hverfinu ef þjónustan væri í því miðju og er nú unnið með þá útfærslu í deiliskipulagstillögu. Því er ekki lengur gert ráð fyrir svæði fyrir verslun og þjónustu í jaðri íbúðarsvæðisins en þess í stað er nú stefnt að því að gera ráð fyrir verslun og þjónustu inni í miðju hverfinu og þá setja skilmála þar um í aðal- og deiliskipulagi.

Innan nýja hverfisins er gert ráð fyrir að Kambavegur verði safngata og tengi hverfið við íbúðarsvæðið í Kórum og athafnasvæðið í Hvörfum. Í athugun er að breyta Kambavegi í safngötu frá Vatnsendavegi – að og frá hverfinu- sá hluti vegarins (Kambavegar) er utan deiliskipulagssvæðisins.

Við minjaskráningu í tengslum við deiliskipulagið kom í ljós að staðsetning friðaðra minja í aðalskipulaginu var ónákvæm. Því þarf að leiðrétta staðsetningu minjanna, MV-9, á aðalskipulagsupprætti.


Náttúrufar hefur verið skoðað og leiddi sú úttekt í ljós að á svæðinu eru nokkrir staðir þar sem blátoppa vex, en hún er æðplanta og nýtur friðunar skv. auglýsingu um friðun æðplantna, mosa og flétta nr. 1385

frá 18. nóvember 2021. Bregðast þarf við þessum nýju upplýsingum og stefnt að því að setja skilmála þar um í aðal- og deiliskipulagi.

Í tengslum við endurskoðun aðalskipulags Kópavogs fjölluðu Minjastofnun Íslands og Húsafríðunarnefnd um varðveislu á húsi Útvarpsstöðvar Íslands sem reist var á Vatnsendahæð árið 1929. Vegna þess er í greinargerð aðalskipulagsins mælt með að húsið verði varðveitt (kafla 4.1.9 Minjavernd) en tilmæli um verndun náðu einkum til ytra borðs eldri hluta hússins. Minjastofnun benti þá á að sjá mætti fyrir sér að húsið fengi nýtt hlutverk í deiliskipulagi og að húsið hefði listrænt gildi sem eitt af verkum Guðjóns Samúelssonar fyrrum húsameistara ríkisins. Frá því að aðalskipulagið var staðfest hafa komið fram nýjar upplýsingar. Í ljós hefur komið að húsið er að öllum líkindum gert skv. teikningu danskra arkitekta og hliðstæðar byggingar eru til í Danmörku. Þá reyndist húsið við nánari skoðun að heita má ónýtt og undirlagt af myglu. Í kjölfar þessara upplýsinga var veitt heimild fyrir því að rífa húsið.

Í ljósi þessa breytta varðveislugildis er lagt til að ákvæði/texti um mikilvægi byggingarinnar verði felld niður í töflu 2-9 (í greinargerð aðalskipulagsins) þar sem fjallað er um íbúðarhverfið (ÍB-6) og einnig verði umfjöllun um bygginguna aftast í kafla 4.1.9 Minjavernd felld niður. Þar á móti í ljósi ríkulegrar sögu á svæði Útvarpsstöðvarinnar verði sett ákvæði/skilmálar um að þar verði útsýnis- og upplýsingastaður og/eða minnisvarði. Þetta verði útfært nánar í tillögu að breytingu og í deiliskipulagi.

Hér fyrir neðan má sjá mynd af gildandi aðalskipulagi (fyrir breytingu).



Mynd 3. Hluti af þéttbýlisupprætti af gildandi Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040, mælikvarði 1:10.000.


4.2 Tillaga að deiliskipulagi í vinnslu í Vatnsendahvarfi-Vatnsendahæð

Í mars-apríl 2022 var tillaga að deiliskipulagi Vatnsendahæðar í Vatnsendahvarfi auglýst til forkynningar. Megintilgangur deiliskipulagsvinnunnar er að móta hverfi með vistvænum áherslum í samræmi við markmið Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040. Í tillögunni er gert ráð fyrir nýju íbúðarhverfi með fjölbreyttu formi íbúða, leikskóla og útivistarsvæðum ásamt verslun- og þjónustu. Gert er ráð fyrir 500 íbúðum alls, þar af um 150-200 íbúðum í sérbýli, (eimbýli, raðhús/parhús). Hámarkshæð bygginga er 3 hæðir auk kjallara.

Á mynd 4a og 4b má sjá deiliskipulagsupprættinn eins og hann leit út þegar tillagan var forkynnt á vinnslustigi, ásamt gildandi aðalskipulagi, og á mynd 5a og 5b má sjá drög að deiliskipulagsupprætti sem nú er í vinnslu, og á eftir að móta enn frekar, ásamt drögum að tillögu að breytingu á aðalskipulagi (í vinnslu). Enn er unnið að samráði, rýni og fleiru við frekari mótun deiliskipulagstillögunnar.

Við gerð deiliskipulagsins var í fyrstu ekki reiknað með að vinna breytingu á aðalskipulagi en í tengslum við og í kjölfar forkynningar á deiliskipulagstillögunni komu fram margar góðar hugmyndir að breytingum

sem talið er að hafi jákvæði áhrif og er unnið að breytingum á deiliskipulagstillögunni í framhaldi af þeim. Þá var ljóst að breyta þyrfti aðalskipulagi til að það yrði í samræmi við þær breytingar sem ákveðið var að fara í. Tekið er fram að samráð stendur enn yfir varðandi úrvinnslu deiliskipulagstillögunnar.



Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040, hluti uppdráttar. Rauð lína afmarkar deiliskipulagssvæði.
Mynd 4a.



Tillaga að deiliskipulagi sem var forkynnt í mars-apríl 2022.
Mynd 4b.

Myndir eingöngu birtar til skýringar. Myndirnar eru ekki í mælikvarða.



Drög að tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 – hér birt til skýringar.

Mynd 5a.



Tillaga að deiliskipulagi Vatnsendahæðar-Vatnsendahvarf, drög í vinnslu eftir forkynningu tillögu.

Mynd 5b.

5. Umhverfisáhrif áætlunar

Lagt verður mat á umhverfisáhrif aðalskipulagsbreytingarinnar í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í umhverfismati aðalskipulagsbreytingarinnar verður lögð áhersla á að meta áhrif deiliskipulagsins á:

- Samfélag vegna áhrifa á framboð á þjónustu og grænum svæðum
- Samfélag vegna áhrifa á samgöngur vegna stíga og vegtenginga
- Náttúrufar með hliðsjón af náttúrufarsúttekt
- Menningarminjar með hliðsjón af minjaskráningu

Umhverfismati deiliskipulagsins er ætlað að tryggja að tekið sé tillit til umhverfis- og samfélagssjónarmiða. Matið mun byggja á fyrirliggjandi gögnum sem koma að hluta úr deiliskipulagsvinnu fyrir svæðið.

Niðurstaða umhverfismats deiliskipulagsins verður í umhverfismatsskýrslu í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar.

Við val á umhverfisþáttum verður m.a. litið til umfjöllunar í umhverfisskýrslu Aðalskipulags Kópavogs. Viðmið eru einkum sótt í stefnu stjórnvalda í viðkomandi málaflokkum og skipulagsáætlunum, Landsskipulagsstefnu, svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og aðalskipulagi Kópavogs, auk viðmiða í Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, lögum og reglugerðum.

6. Kynning og samráð

6.1 Kynning lýsingar - forkynning tillögu að breytingu á aðalskipulagi

Óskað verður eftir umsögnum frá eftirfarandi hagsmunaaðilum við skipulagslýsingu og væntanlega tillögu.

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Náttúrufræðistofa Kópavogs
- Minjastofnun Íslands
- Borgarsögusafn Reykjavíkur
- Vegagerðin
- Samgöngustofa
- Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness
- Veðurstofa Íslands
- Veitur ohf.
- Landsnet
- Strætó
- Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
- Reykjavík, Umhverfis og samgöngusvið
- Garðabær
- Ríkiseignir

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila.

Einnig verður horft til umsagna sem hafa borist í forkynningu deiliskipulags. Þegar tillögur að deiliskipulagi og breytingar á aðalskipulagi verða auglýstar verður einnig haft samráð/samtal við eftirfarandi m.a. með vísan til forkynningar deiliskipulags.

- Sögufélag Kópavogs
- Íþróttafélög; Breiðablik, HK, Gerpla.
- Landssamtök hjólréðamanna
- Foreldrafélög og nemendafélög Vatnsenda- og Hörðuvallaskóla
- Stjórn félags eldri borgara í Kópavogi

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila.

6.2 Tillögur auglýstar samtímis

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi

Þegar búið verður að kynna lýsingu þessa og forkynna breytingu á aðalskipulagi verður farið yfir athugasemdir og unnið úr þeim. Í framhaldi verða lagðar fram samþættar tillögur að breytingu á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi Vatnsendahvarfs/Vatnsendahæðar. Stefnt er að því að aulýsa þær samtímis sbr. 2. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

7. Málsmeðferð, áfangar og tímaáætlun

Málsmeðferð

Aðalskipulagsbreyting er/verður unnin samkvæmt 1. mgr. 36. gr. -og 30. gr., 31. gr. og 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin verður kynnt samkvæmt 3. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 31. gr. sömu laga.

Deiliskipulag er/verður unnið, kynnt og afgreitt samkvæmt 40. gr., 41. gr. og 42. gr. sömu laga.

Tillögurnar verða auglýsar samtímis samkvæmt 2. mgr. 41. gr. sömu laga.

Skipulagsferli – áfangar og drög að tímaáætlun

Eftirfarandi eru helstu áfangar og drög að tímaáætlun, birt með fyrirvara um breytingar.

Aðalskipulags- breyting	Aðalskipulags- breyting, tillaga í vinnslu	Aðalskipulagsbr. og deiliskipulag, tillögur	Aðalskipulagsbr. og deiliskipulag, tillögur	Aðalskipulagsbreyting og deiliskipulag, tillögur	Aðalskipulagsbreyting og deiliskipulag
Lýsing á á skipulagsverkefni	Forkynning	Auglýsing, kynning	Úrvinnsla	Afgreiðsla	Gildistaka
<u>Samþykkt að kynna/auglýsa lýsingu</u> að tillögu að breytingu á aðalskipulagi	<u>Samþykkt að forkynna /augl. tillögu</u> að breytingum á aðalskipulagi	<u>Samþykkt að auglýsa tillögur samtímis</u>	Að auglýsingu lokinni	<u>Tillögur ásamt viðbrögðum við athugasemdom í greinargerð afgreiddar /samþykktar</u>	Skipulagsstofnun staðfestir breytingu á aðalskipulagi og auglýsir gildistöku í B-deild Stjórnartíðinda
Kynningartími um 3-4 vikur	Kynningartími um 3-4 vikur	a.Tillaga að breytingu á aðalskipulagi -send til Skipulags- stofnunar til athugunar – svar innan 4ra vikna	-Athugasemdir berast -Unnið úr athugasemdom, greinargerð skrifuð	-Niðurstaða sveitarstjórnar auglýst -Aðilum sem sendu inn athugasemdir svarað	Kópvogsbær auglýsir gildistöku deiliskipulags í B-deild Stjórnartíðinda
Unnið úr athugasemdom	Unnið úr athugasemdom	b.Uppfærð tillaga að deiliskipulagi	Greinargerð og endanlegar tillögur lagðar fram til afgreiðslu	Gögn aðalskipulags- breytingar send til Skipulagsstofnunar til staðfestingar	
Tillaga að breytingum	Tillögur að breytingu á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi samhæfðar	c. Tillögur auglýstar samþímis -6 vikna athugasemdafrestur		Gögn deiliskipulags send til Skipulagsstofnunar til skoðunar áður en gildistaka verður auglýst	
September- október 2022	Nóvember- janúar 2022	Febrúar 2023 til ca. apríl 2023	Apríl-maí 2023	Maí-júní 2023	Júní 2023

8. Heimildir

Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040. Aðgengilegt á vefsíðu Kópavogs og skipulagsjá Skipulagsstofnunar.

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins – Höfuðborgarsvæðið 2040. Aðgengilegt á vefsíðu ssh.is.

Deiliskipulagstillaga í vinnslu.

Kynningargögn ráðgjafa með hugmyndum að nánari útfærslu deiliskipulagstillögu (sjá skýringarmyndir í lýsingu þessari).

Deiliskipulagstillaga til forkynningar (á vinnslustigi) fyrir Vatnsendahæð-Vatnsendahvarf. Kynnt vor 2022. <https://www.kopavogur.is/is/ibuar/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu/vatnsendahaed-vatnsendahvarf-forkynning-deiliskipulagstillogu>

Lýsing fyrir skipulagsverkefni, fyrir nýtt deiliskipulag á Vatnsendahæð /Vatnsendahvarf, dags. 25. mars 2021. Kynnt vor 2021.

Skipulagslög nr. 123/2010.

Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Reglugerð um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 1381/2021.

Leiðbeiningar Skipulagsstofnunar m.a. Lýsing fyrir skipulagsáætlun.

o.fl.